

sannleika skift um trú—og í sínu síðasta ástandi grátið yfir horfimið saelu og sálargleði, er hann að eins eygir út í fjarska horfimarr tíðar.

Honum þykir ekki vistin betri en þetta með sínum nýju bræðrum og vinum. Hann óskar sér til baka,—það er næstum eins og hrópið „Eli Eli lama sabachthani—og að sjálfssögðu kemst hann til baka, nái hann heilsu á ný og sínu fulla frelsi og manndómi. — Ef ekki, verður hann kyrr. En hrósi þeir happi, sem vilja. Mikill er sá sigur kyrkjunnar steingjörfu, að leggjast að þeim sem lífsgleðina hafa mist og þegar þeir eru fyrst orðnir að aumingjum, þá fyrst að fera þá í dýrðlingatöluna.— „Hve hæglega beygir þú bugaða sál, til botns hverja andstygð að súpa”.

Himinn og Víti.

Eftir STEFÁN SIGFÚSSON.

Sérhver óbrjálaður hugsandi maður ætti að vita það nú—og ef hann ekki veit það, þí að leitast við að komast til sannferingar um það—að *himinn og víti* eru alls engir eiginlegir stádir, heldur að eins ástönd. Himinn og víti eru sem sé alveg jafnt komin bæði undir kringumstæðunum, hér meint það, sem innifyrir með manninum er, eins og því, sem umhverfis mann er, og svo líka þá aðalseigininu eða lyndisháttheldinu. Heppilegustu útkomurnar leiða af góðum áformum í sameining við þægileg færi og greiðari umhverfur. Verstu útkomurnar fást við sameining vondra áforma við niðurdragandi eða mæðandi umhverfur eða kringumstæður. Á hinu langa skeiðhlaupi, takandi mannkynið eins og það er, þá eru það niðurdragandi og mæðandi umhverfurnar, sem búa til lygara og bragðarefni eða svikara úr sumum, en saurlifnaðarmenn og þjófa úr öðrum. En gætum nú að, þessir hinir sömu þjófar, glæpamenn og mordingjar eru hinir mest einlægu og vér verðum að segja í orðsins beinu merkingu mest guðhræddu (frómu) trúendur á